

gatnagerðargjald af fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal viðbótargatnagerðargjald reiknað eins og hér segir:

- a) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á viðkomandi lóð eru minni að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal sá hluti hins greidda gjalds, sem þannig stendur eftir, verðbættur miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til þess dags þegar nýtt byggingarleyfi er samþykkt og koma þannig til frádráttar við ákvörðun viðbótargatnagerðargjalds.
- b) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á lóð eru jafn stórar eða stærri að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal greiða viðbótargatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

9. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Seltjarnarnes fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðar-eigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 171/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness 27. apríl 2005, skv. lögum nr. 171/1996 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 2. febrúar 1976 um gatnagerðargjöld á Seltjarnarnesi, sem og auglýst gjaldskrá nr. 487/2005.

Seltjarnarnesi, 6. júní 2005.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um niðurfellingu á auglýsingu nr. 96/2005.

Auglýsing Hrafnistu Reykjavík, Hrafnistu Hafnarfirði, Vífilstaða og Víðiness skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 96/2005, er hér með felld úr gildi með þessari auglýsingu.

Reykjavík, 19. apríl 2005.

Kristján Sigurðsson, forstöðumaður stjórnunarsviðs.